

Umhverfisstofnun
Áb.
29. sep. 2015
Tilv.

Hringrás - Akureyri
Ægisnes 1 1
600 Akureyri



Reykjavík 29. september 2015
UST201502-117/E.D.K.
08.14.02

Úrbótaáætlun samþykkt - frestir veittir

Umhverfisstofnun vísar í bréf, dags. 25. ágúst sl. þar sem áformað var að áminna Hringrás Akureyri vegna þriggja frávíka frá starfsleyfi. Þann 23. september barst Umhverfisstofnun áætlun um úrbætur vegna frávíkanna.

Frávikin eru eftirfarandi:

- 1. Hreinn aðskilnaður er ekki fyrir hendi á úrgangshaugum á athafnasvæði rekstraraðila. Samkvæmt ákvæði 2.11 í starfsleyfi skal hreinn aðskilnaður vera milli úrgangsflokka. Í bréfi dagsettu 10. apríl sl. veitti Umhverfisstofnun rekstraraðila frest til 1. júní 2015 til að koma þessu í rétt horf. Í eftirliti sem fjallað er um í bréfi dags. 24. júní sl. var staðfest að ekki hefur verið bætt úr frávikinu. Þetta frávik hefur nú verið staðfest í eftirliti í fjórða sinn.*

Í áætlun rekstraraðila kemur fram að lokið verði við að setja upp milliveggi milli efnisflokka fyrir 1. júní 2016. Þetta verður gert með veggeiningum sem eru steypar á staðnum. Þetta verður gert í þremur áföngum: Þann 1. desember nk. verður lokið við að steypa 120 steina eða 30 lengdarmetra af 4 m háum vegg. Þann 1. apríl 2016. verður lokið við 240 steina eða 60 lengdarmetra af 4 m háum vegg. Þann 1. júní 2016 verður lokið við það sem vantar upp á, eða 360 steina sem jafngildir um 90 lengdarmetrum og þá verður einnig búið að koma veggjunum fyrir á viðeigandi stöðum. **Umhverfisstofnun samþykkir þessa áætlun. Þar sem fyrri áætlanir rekstraraðila um úrbætur á þessu frávik hafa ekki staðist mun Umhverfisstofnun taka stöðuna á úrbótum við áðurnefndar dagsetningar og mun rekstraraðili bera kostnað af þessum auka úttektum í formi tímagjalds skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar.**

- 2. Verulegur hluti athafnasvæðis rekstraraðila er þakinn úrgangshaugum, þrengsli mikil og óreiða. Skipulagi er áfátt, lítil stjórn virðist vera á því magni úrgangs sem er geymt á svæðinu, svæðið er ósnyrtilegt og aðgengismál eru í ólagi. Hætta á slæmum bruna er því nokkur og þar með skyndilegu, og verulegu umhverfisálagi. Þetta er frávik frá gr. 2.1 í starfsleyfi.*


Í áætlun rekstraraðila segir að umgengni hafi verið bætt. Brotajárn sé nú unnið jafn óðum og það berst og pressað. Rusl fari nú jafnt og þétt í Stekkjarvík. 12 gámar hafi farið undanfarinn mánuð og áfram verði sendir 1-2 í viku þar til búið er að koma svæðinu í rétt horf. Þá segir að eftir eigi að flytja mikið af áli á brott sem valdi því að svæðið sé frekar þröngt. Reiknar er með að brottflutningur álsins hefjist um áramót. **Umhverfisstofnun samþykkir þessar ráðstafanir og veitir rekstraraðila frest til 1. apríl til að koma athafnasvæðinu í lag, þ.á.m. klára að fjarlægja þetta ál sem veldur þrengslum.**


3. Svifagnir mældust yfir leyfilegum losunarmörkum í síðustu mælingu, sbr. gr. 5.3 í starfsleyfi. Rekstraraðila var veittur frestur til 15. ágúst til að staðfesta gerðar úrbætur með nýrri mælingu en mæliniðurstöður hafa ekki borist stofnuninni.

Í áætlun rekstraraðila segir að sýni sem var tekið í júní hafi misheppnast. Nýtt sýni verði tekið 29. september og komið til NMÍ innan sólarhrings. **Umhverfisstofnun samþykkir þetta fyrirkomulag og veitir rekstraraðila frest til 15. janúar nk. til að skila inn mæliniðurstöðum.**

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni ofangreindra frávika verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 og er 35.700kr.

Virðingarfyllst


Sigríður Kristjánsdóttir
sviðsstjóri


Eva Dögg Kristjánsdóttir
sérfræðingur